

Afkoma Landsbanka Íslands hf. á ársinu 2007  
Hagnaður 40 milljarðar króna eftir skatta  
Arðsemi eigin fjár 27%

**Helstu niðurstöður úr ársreikningi Landsbanka Íslands hf. fyrir árið 2007:**

- Hagnaður ársins 2007 nam 39,9 milljörðum króna (EUR 456m). Hagnaður fyrir skatta var 45,6 milljarðar króna (EUR 520m). Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 27%.
- Grunntekjur samstæðunnar (vaxtamunur og þjónustutekjur) námu 93,4 milljörðum króna (EUR 1,1bn) á árinu 2007 og jukust um 34% frá fyrra ári.
- Grunntekjumyndun verður stöðugt dreifðari og var hlutfall erlendra grunntekna 52% á árinu 2007 samanborið við 49% á árinu 2006.
- Þóknunartekjur námu 39,4 milljörðum króna (EUR 449m) samanborið við 28,4 milljarða króna á árinu 2006.
- Gengismunur og fjárfestingatekjur námu 16,6 milljörðum króna (EUR 189m) samanborið við 19,6 milljarða króna á árinu 2006.
- Lausafjárstaða bankans er mjög sterk og nam laust fé tæplega 9 milljörðum evra í árslok 2007. Afborganir af erlendum skuldabréfaútgáfum á árinu 2008 eru hinsvegar einungis 0,8 milljarðar evra.
- Heildareignir bankans námu 3.058 milljörðum króna (EUR 33,4bn) króna í árslok 2007 í samanburði við 2.173 milljarða króna í upphafi ársins.
- Útlán bankans námu 2.023 milljörðum króna (EUR 22,1bn) í árslok 2007. Innlán viðskiptavina námu hinsvegar 1.421 milljarði króna (EUR 15,5bn) eða um það bil ¾ af heildarútlánnum og jukust þau um 108% á árinu.
- Landsbankinn er með engar áhættuskuldbindingar sem tengjast skuldabréfavafningum (s.s. CDOs, SIVs og CLOs) í útlánasafni sínu.
- Eiginfjárlutfall (CAD) var 11,7% í árslok 2007. Eiginfjárpáttur A var 10,1%.

**Helstu niðurstöður fjórða ársfjórðungs 2007:**

- Hagnaður eftir skatta á fjórða ársfjórðungi 2007 nam 4,9 milljörðum króna (EUR 56m).
- Hreinar rekstrartekjur fjórða ársfjórðungs námu 24,8 milljörðum króna (EUR 283m).
- Hreinar vaxtatekjur námu 15,2 milljörðum króna (EUR 174m) í samanburði við 14,4 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi.
- Þóknunartekjur þriðja ársfjórðungs námu 9,7 milljörðum króna (EUR 110m)
- Grunntekjur samstæðunnar hafa aldrei verið hærri á einum ársfjórðungi eða 24,9 milljarðar króna (EUR 284m)

**Sigurjón Þ. Árnason bankastjóri:**

"Rekstrarafkoma Landsbankans á árinu 2007 var góð og nam hagnaður bankans 40 milljörðum króna og arðsemi eigin fjár 27%. Tekjumyndun samstæðunnar verður sífellt dreifðari auk þess sem grunnafkoma hefur verið stöðug eða í kringum 24-26% arðsemi á eigin fé fyrir skatta. Lausafjárstaða bankans er sterk einkum vegna mikils vaxtar í erlendra innlánastarfsemi. Afborganir af erlendum skuldabréfaútgáfum verða óverulegar á árinu 2008 eða 0,8 milljarðar evra á meðan laust fé bankans er tæpir 9 milljarðar evra. Þá er útlánasafn Landsbankans traust og er bankinn ekki með neinar áhættuskuldbindingar sem tengjast svokölluðum skuldabréfavafningum, s.s. CDOs, SIVs osfrv. Við þær óvenjulegu aðstæður sem einkenna alþjóðlega fjármálamarkaði þessi misserin skapa þessir þættir í raun tækifæri fyrir banka eins og Landsbankann".

**Halldór J. Kristjánsson bankastjóri:**

"Árangur margþáttaðra aðgerða sem gripið hefur verið til á undanförunum misserum kemur skýrt fram í uppgjöri Landsbankans fyrir árið 2007. Dreigið hefur verið úr markaðsáhættu, útlánasafn bankans er vel áhættudreift og fjármögnunarhlíð bankans sterk. Innlán nema nú um ¾ af heildarútlánnum til viðskiptavina og er bankinn með tæplega 150 þúsund viðskiptavinum sem valið hafa IceSave innlánsform okkar í Bretlandi. Á árinu var nýjum vörum bætt í innlánasafn IceSave og eru 14% innstæðna nú bundnar til lengri tíma. Tryggir það áframhaldandi áhættudreifingu innlána samstæðunnar. Á fjórða ársfjórðungi gekk bankinn frá 400 milljón USD víkjandi láni og styrkti þannig eiginfjárstöðu sína enn frekar og er eiginfjárstaða og lausafjárlutfall bankans nú með því besta sem gerist í Norður Evrópu. Áframhaldandi samþætting rekstrareininga miðaði vel á árinu og hefur bankinn lagt áherslu á að kynna starfsemi bankans og stöðu íslensks efnahagslífs í því umröti sem einkennir alþjóðlega fjármálamarkaði".

*Ársreikning Landsbanka Íslands hf. 2007 má nálgast á heimasíðu bankans [www.landsbanki.com](http://www.landsbanki.com)*

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Landsbankans:

Sigurjón Þ. Árnason í síma 410-4009 / 898-0177 og Halldór J. Kristjánsson í síma 410-4015 / 820-6399.

**Lykiltölur úr ársreikningi**

Rekstrarreikningur	2007	2006	2005	2004	2003
Vaxtatekjur	202.095	133.102	66.437	34.252	21.871
Vaxtagjöld	148.044	91.611	43.441	19.517	12.540
<b>Hreinar vaxtatekjur</b>	<b>54.052</b>	<b>41.491</b>	<b>22.996</b>	<b>14.734</b>	<b>9.331</b>
Þjónustutekjur	45.247	32.459	18.479	10.234	6.959
Þjónustugjöld	5.878	4.092	1.754	1.344	843
<b>Hreinar þjónustutekjur</b>	<b>39.369</b>	<b>28.366</b>	<b>16.726</b>	<b>8.891</b>	<b>6.116</b>
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>	<b>16.605</b>	<b>19.568</b>	<b>21.257</b>	<b>9.842</b>	<b>3.535</b>
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>110.025</b>	<b>89.426</b>	<b>60.978</b>	<b>33.467</b>	<b>18.982</b>
Laun og tengd gjöld	37.688	24.458	12.682	7.794	5.656
Rekstrarkostnaður	19.827	14.130	8.284	6.667	5.158
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>57.515</b>	<b>38.588</b>	<b>20.967</b>	<b>14.460</b>	<b>10.815</b>
Virðisrymun viðskiptavildar	0	0	3.033	0	0
Virðisrymun útlána og fastafjármuna til sölu	6.956	6.144	6.197	4.485	4.656
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>45.555</b>	<b>44.694</b>	<b>30.781</b>	<b>14.522</b>	<b>3.511</b>
Tekjuskattur	5.605	4.479	5.764	1.798	457
<b>Hagnaður tímabils</b>	<b>39.949</b>	<b>40.215</b>	<b>25.017</b>	<b>12.724</b>	<b>3.054</b>
<b>Tilheyrandi:</b>					
Huthöfum Landsbanka Íslands hf.	38.800	38.906	24.740	12.574	2.956
Minnihluta	1.150	1.309	277	149	99
<b>Efnahagsreikningur</b>	<b>2007</b>	<b>2006</b>	<b>2005</b>	<b>2004</b>	<b>2003</b>
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	81.559	31.669	16.611	18.237	11.642
Kröfur á fjármálafyrirtæki	162.929	215.618	86.919	72.060	37.130
Lán og kröfur	2.022.738	1.438.395	984.593	542.215	326.400
Fjáreignir á gangvörð og hlutdeildarfélög	667.941	376.809	218.894	64.730	63.744
Aðrar eignir	122.379	110.432	98.443	39.900	9.323
<b>Eignir samtals</b>	<b>3.057.546</b>	<b>2.172.924</b>	<b>1.405.460</b>	<b>737.141</b>	<b>448.239</b>
Innlán frá fjármálafyrirtækjum	337.915	141.105	144.596	63.476	43.840
Innlán frá viðskiptavinum	1.421.410	682.846	334.163	215.730	152.320
Lántaka	835.985	1.014.976	689.989	375.084	209.357
Vikjandi lántökur	111.890	89.754	49.074	22.570	13.090
Aðrar skuldir	166.342	94.785	74.022	21.572	6.389
Eigið fé	180.008	144.282	110.059	37.705	22.382
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga	3.996	5.175	3.557	1.004	862
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>3.057.546</b>	<b>2.172.924</b>	<b>1.405.460</b>	<b>737.141</b>	<b>448.239</b>
<b>Kennitölur</b>	<b>2007</b>	<b>2006</b>	<b>2005</b>	<b>2004</b>	<b>2003</b>
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta	30,9%	40,3%	56,3%	57,2%	20,9%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	27,1%	36,3%	45,8%	49,5%	17,6%
Eiginfjárfáttur A	10,1%	13,0%	11,9%	7,8%	6,9%
Eiginfjárhlutfall (CAD)	11,7%	14,8%	13,1%	10,4%	9,9%
Hutfall rekstrarkostnaðar af hreinum rekstrartekjum	52,3%	43,2%	34,4%	43,2%	57,0%
Hutfall rekstrarkostnaðar af meðalstöðu heildarfjármagns	2,2%	2,1%	2,0%	2,5%	3,0%
Vaxtamunur af meðalstöðu heildarfjármagns	2,1%	2,3%	2,2%	2,6%	2,6%
Hutfall innlána af útlánunum til viðskiptavina	70,3%	47,5%	33,9%	39,6%	48,0%
Hutfall innlána af heildarfjármagni	46,5%	31,4%	23,8%	29,3%	34,0%
Framlag í afskriftareikning af stöðu útlána í lok árs	0,32%	0,37%	0,58%	0,73%	1,47%
Hutfall endanlegra afskrifta af lánunum og kröfum	0,07%	0,13%	0,19%	0,33%	0,55%
Gengi hutabréfa í lok árs	35,50	26,50	25,30	12,10	5,80
Breyting hutabréfa á verðs að teknu t.t. arðgreiðsna	35,5%	5,9%	110,7%	110,3%	61,6%
Stöðugildi í lok árs	2.640	2.117	1.725	1.121	1.025
<b>Myntgengi á EUR</b>					
Meðalgengi ISK/ EUR í rekstrarreikningi í lok árs	87,64	87,57	76,59	86,97	87,39
Lokagengi ISK/ EUR í efnahagsreikningi í lok árs	91,65	93,72	74,7	83,51	89,76



## Lykiltölur úr ársreikningi

Rekstrarreikningur	2007	2007	2007	2007	2006	2006	2006	2006
	4. ársfj.	3. ársfj.	2. ársfj.	1. ársfj.	4. ársfj.	3. ársfj.	2. ársfj.	1. ársfj.
Vaxtatekjur	57.935	54.036	49.078	41.046	34.887	33.154	37.527	27.535
Vaxtagjöld	42.708	39.591	35.578	30.167	25.306	23.840	23.865	18.601
<b>Heinar vaxtatekjur</b>	<b>15.227</b>	<b>14.445</b>	<b>13.500</b>	<b>10.879</b>	<b>9.581</b>	<b>9.314</b>	<b>13.662</b>	<b>8.934</b>
Þjónustutekjur	11.534	11.813	11.013	10.886	9.323	7.547	7.791	7.797
Þjónustugjöld	1.874	1.595	1.285	1.124	1.325	979	849	940
<b>Heinar þjónustutekjur</b>	<b>9.660</b>	<b>10.218</b>	<b>9.729</b>	<b>9.762</b>	<b>7.998</b>	<b>6.568</b>	<b>6.943</b>	<b>6.857</b>
Arðstekjur	237	23	1.371	385	161	99	269	1.834
Heinar tekjur (tap) af veltufjáreignum	(5.306)	(1.858)	3.062	3.098	492	1.943	(1.011)	750
Heinar tekjur (tap) af öðrum fjáreignum á gangviri	113	2.501	655	436	5.913	594	(489)	7.680
Gengismunur áhættuvarnarliða	(14)	7	(37)	(7)	78	25	(25)	(96)
Gengismunur gjaldeyrisviðskipta	4.223	2.356	(296)	607	(58)	(145)	(12)	(49)
Hutdeild (tap) í afkomu hutdeildarféлага	671	(1.171)	1.191	(58)	1.133	(15)	(262)	843
Hagnaður (tap) af eignum í sölu meðferð eftir skatta	9	60	9	4.339	(479)	155	51	188
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>	<b>(68)</b>	<b>1.918</b>	<b>5.955</b>	<b>8.799</b>	<b>7.240</b>	<b>2.656</b>	<b>(1.478)</b>	<b>11.150</b>
<b>Heinar rekstrartekjur</b>	<b>24.819</b>	<b>26.582</b>	<b>29.184</b>	<b>29.441</b>	<b>24.819</b>	<b>18.538</b>	<b>19.127</b>	<b>26.942</b>
Laun og tengd gjöld	10.769	10.029	8.919	7.972	6.989	5.963	6.256	5.249
Rekstrarkostnaður	5.846	4.806	4.731	4.444	4.042	3.754	3.496	2.839
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>16.615</b>	<b>14.835</b>	<b>13.650</b>	<b>12.415</b>	<b>11.031</b>	<b>9.717</b>	<b>9.752</b>	<b>8.088</b>
Virðisrýmun útlána og fastafjármuna til sölu	2.286	1.620	1.501	1.549	1.332	1.597	1.660	1.555
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>5.919</b>	<b>10.127</b>	<b>14.033</b>	<b>15.476</b>	<b>12.457</b>	<b>7.224</b>	<b>7.714</b>	<b>17.299</b>
Tekjuskattur	997	1.402	1.490	1.716	(1.596)	1.480	1.572	3.023
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>4.922</b>	<b>8.725</b>	<b>12.542</b>	<b>13.760</b>	<b>14.053</b>	<b>5.744</b>	<b>6.143</b>	<b>14.276</b>
<b>Tilheyrandi:</b>								
Huthöfum Landsbanka Íslands hf.	4.584	8.518	12.248	13.450	13.664	5.281	5.966	13.995
Minnihluta	337	207	294	311	389	463	177	280
<b>Efnahagur</b>	<b>31.122.007</b>	<b>30.920.007</b>	<b>30.620.007</b>	<b>31.320.007</b>	<b>31.122.006</b>	<b>30.092.006</b>	<b>30.062.006</b>	<b>31.320.006</b>
Þóður og innstæður í Seðlabanka	81.559	48.440	33.976	18.431	31.669	25.714	22.806	19.403
Kröfur á fjármálfyrirtæki	162.929	134.379	278.072	251.881	215.618	168.993	68.793	75.597
Lán	2.022.738	1.840.584	1.567.895	1.483.887	1.438.395	1.303.676	1.294.462	1.208.510
Fjáreignir á gangviri og hutdeildarfélag	667.941	680.728	584.875	437.894	376.809	305.294	275.113	300.780
Aðrar eignir	122.379	142.552	132.329	125.097	110.432	158.395	150.295	165.613
<b>Eignir samtals</b>	<b>3.057.546</b>	<b>2.846.682</b>	<b>2.597.147</b>	<b>2.317.190</b>	<b>2.172.924</b>	<b>1.962.072</b>	<b>1.811.468</b>	<b>1.769.902</b>
Innlán frá fjármálfyrirtækjum	337.915	210.332	161.826	117.378	141.105	97.097	135.722	138.092
Innlán frá viðskiptavinum	1.421.410	1.390.022	1.187.254	913.183	682.846	513.054	475.045	469.333
Lántaka	835.985	749.629	781.541	903.780	1.014.976	979.748	853.367	806.627
Vikjandi lántökur	111.890	82.517	77.766	83.524	89.754	85.892	91.141	83.514
Aðrar skuldir	166.342	234.211	224.231	145.697	94.785	151.746	128.714	151.130
Eigið fé	180.008	176.486	161.312	149.869	144.282	129.876	123.088	117.187
Hutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga	3.996	3.485	3.217	3.758	5.175	4.660	4.392	4.019
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>3.057.546</b>	<b>2.846.682</b>	<b>2.597.147</b>	<b>2.317.190</b>	<b>2.172.924</b>	<b>1.962.072</b>	<b>1.811.468</b>	<b>1.769.902</b>



## Helstu niðurstöður rekstrar- og efnahagsreiknings

### Rekstrarreikningur 2007 borinn saman við 2006

Hagnaður Landsbanka Íslands hf. á árinu 2007 nam 39,9 milljörðum króna eftir skatta, sem er nánast sami hagnaður og á árinu 2006. Hagnaður fyrir skatta nam 45,6 milljörðum króna í samanburði við 44,7 milljarða króna á fyrra ári.


Milljarðar króna	2007	2006	Breyting
Grunntekjur (vaxtamunur og þóknunartekjur)	93,4	69,9	23,5
Aðrar rekstrarstekjur	16,6	19,6	(3,0)
Rekstrargjöld	57,5	38,6	18,9
Virðisrýrnun	7,0	6,1	0,9
Skattar	5,6	4,5	1,1
<b>Hagnaður</b>	<b>39,9</b>	<b>40,2</b>	<b>0,3</b>

Arðsemi eigin fjár eftir skatta á árinu var 27,1% samanborið við 36,3% á árinu 2006.

**Hreinar rekstrarstekjur** bankans námu 110,0 milljörðum króna á árinu 2007 í samanburði við 89,4 milljarða króna á fyrra ári og hafa þær aukist um 23% milli ára.

**Hreinar vaxtatekjur** jukust um 12,6 milljarða króna og námu 54,1 milljarði króna í samanburði við 41,5 milljarð króna á árinu 2006. Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildarfjármagns var 2,1% í samanburði við 2,3% á árinu 2006.


#### Vaxtamunur



## Þóknunartekjur aukast um 39%

**Þóknunartekjur** bankans námu 39,4 milljörðum króna í samanburði við 28,4 milljarða króna á árinu 2006 og hafa þær aukist um 39%. Þóknunartekjur af erlendra starfsemi námu 25,3 milljörðum króna á árinu 2007 eða 64% samanborið við 17,0 milljarða króna eða 60% á árinu 2006.

#### Þóknunartekjur



**Fjárfestingatekjur** bankans á árinu 2007 námu 16,6 milljörðum króna í samanburði við 19,6 milljarða króna á árinu 2006.

**Hreinar rekstrarstekjur utan Íslands** námu 50,6 milljörðum króna á árinu 2007 í samanburði við 46,6 milljarða króna á fyrra ári. Námu þær 46% af heildartekjum samstæðunnar.

**Rekstrargjöld** samstæðunnar á árinu 2007 námu 57,5 milljörðum króna og reiknast kostnaðarhlutfall bankans 52,3%.

**Virðisrýrnun útlána** nam 7,0 milljörðum króna á árinu 2007 samanborið við 6,1 milljarð króna á fyrra ári. Virðisrýrnun sem hlutfall af útlánnum og kröfum í lok ársins 2007 var 0,32% á ársgrundvelli.

## Áhrif uppgjörsmýnta og yfirtekinna félaga

Gengi íslensku krónunnar hefur áhrif á þróun stærða í efnahags- og rekstrarreikningi. Gengisbundnir eigna- og skuldaliðir eru gerðir upp á gengi í lok árs 2007 á meðan stærðir í rekstrarreikningi eru gerðar upp á meðalgengi ársins 2007. Eftirfarandi tafla sýnir þróun

erlendra uppgjörsmýnta í samstæðu bankans og þróun íslensku gengisvísitölunnar:

	31.12.2006	Meðalgengi	%	31.12.2006	31.12.2007	%
EUR	93,72	87,64	-6%	93,72	91,65	-2%
GBP	139,08	127,77	-8%	139,08	124,635	-10%
GVT	127,90	118,21	-8%	127,90	120,85	-6%

Landsbankinn yfirtók verðbréfafyrirtækið **Bridgewell Group plc** á 3. ársfjórðungi 2007 og var það sameinað inn í dótturfélag bankans Teather & Greenwood Ltd. Starfsemi félagana var sameinuð undir nýju nafni, Landsbanki Securities UK. Rekstur Bridgewell Plc kom inn í samstæðu Landsbankans frá og með miðjum 3. ársfjórðungi 2007.

## Fjórði ársfjórðungur 2007 borinn saman við þriðja ársfjórðung

**Hagnaður** eftir skatta á fjórða ársfjórðungi 2007 nam 4,9 milljörðum króna í samanburði við 8,7 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi 2007.

Minni hagnað á fjórða ársfjórðungi má einkum rekja til þess óróa og óvissu sem myndst hefur á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og áhrifum þess á fjárfestingatekjur bankans af hlutabréfum og skuldabréfum. Grunntekjur samstæðunnar (vaxtamunur og þóknunartekjur) á fjórða ársfjórðungi 2007 hafa hinsvegar aldrei verið hærrí.

**Hreinar vaxtatekjur** námu 15,2 milljörðum króna í samanburði við 14,4 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi 2007.

**Þóknunartekjur** á fjórða ársfjórðungi 2007 námu 9,7 milljörðum króna í samanburði við 10,2 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi.

**Fjárfestingatekjur** bankans á fjórða ársfjórðungi 2007 voru neikvæðar um 0,1 milljarð króna í samanburði við 1,9 milljarð króna tekjur á þriðja ársfjórðungi.

**Virðisrýrnun útlána** nam 2,3 milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi 2007 í samanburði við 1,6 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi.

## Efnahagsreikningur 31.12.2007

**Heildareignir** samstæðunnar námu 3.057 milljörðum króna í lok ársins 2007 í samanburði við 2.173 milljarða króna í byrjun ársins og hafa þær aukist um 884 milljarða króna eða 41% frá áramótum.

**Kröfur á fjármálastofnanir** námu 163 milljörðum króna í samanburði við 216 milljarða króna í upphafi ársins.

**Útlán til viðskiptavina** námu 2.023 milljörðum króna í árslok 2007 í samanburði við 1.438 milljarða króna í byrjun ársins og jukust þau um 584 milljarða króna eða 41%.

**Afskriftareikningur útlána** var 22,0 milljarðar króna eða 1,02% af heildarútlánum og veittum ábyrgðum til viðskiptavina í lok ársins 2007. Afskriftareikningur útlána endurspeglar ekki töpuð útlán, heldur er um að ræða fjárhæðir sem lagðar hafa verið til hliðar gegn reiknuðum útlánatöpum framtíðar. Þegar og ef útlán tapast eru þau færð út af afskriftareikningi útlána.

**Veltufjáreignir** samstæðunnar námu 582 milljörðum króna í árslok 2007 í samanburði við 344 milljarða króna í ársbyrjun. Undir þennan lið falla markaðsskuldabréf, veltuhlutabréf og jákvæðar stöður afleiðusamninga. Markaðsskuldabréf námu 361 milljörðum króna samanborið við 170 milljarða í ársbyrjun 2007. Endurspeglar aukningin sterka lausafjárstöðu bankans. Veltuhlutabréf námu 31,1 milljarði króna í árslok 2007, þar af eru 24,4 milljarðar króna í skráðum félögum og 6,7 milljarðar króna í óskráðum félögum. Innlend veltuhlutabréf voru 10,0 milljarðar króna og erlend 21,1 milljarði króna í árslok 2007.

**Aðrar fjáreignir á gangvirði** í gegnum rekstrarreikning námu 71,1 milljarði króna í lok árs 2007. Hlutabréf námu 67,1 milljarði króna, þar af voru 33,8 milljarðar króna á móti framvirkum samningum.

**Fastafjármunir til sölu og eignasamstæður í sölumeðferð** námu 3,6 milljörðum króna í árslok 2007 í samanburði við 21,3 milljarða króna í byrjun ársins. Lækkunin skýrist af sölu bankans á Fasteignafélaginu Landsafli.

**Heildareignir í stýringu** námu 513 milljörðum króna í lok árs 2007 í samanburði við 377 milljarða króna í byrjun ársins og hafa þær aukist um 36,0% á árinu. Heildareignir í vörslu í samstæðunni voru 2.109 milljarðar króna í samanburði við 1.751 milljarð króna í ársbyrjun.


## Skuldir og eigið fé

### Innlán aukast um 108%

**Heildarinnlán** samstæðunnar námu 1.759 milljörðum króna í árslok 2007. Þar af námu innlán frá viðskiptavinum 1.421 milljarði króna í samanburði við 683 milljarða króna í upphafi ársins og hafa þau aukist um 108% á árinu 2007. Innlán viðskiptavina á erlendum mörkuðum bankans námu 1.054 milljörðum króna í árslok 2007 í samanburði við 417 milljarða króna í ársbyrjun og nemur aukningin 152% á árinu.

**Hlutfall innlána viðskiptavina** af útlánunum til viðskiptavina nam um ¾ í lok ársins í samanburði við tæplega helming 47% í árslok 2006. Þá eru þau um helming af heildareignum samstæðunnar í árslok 2007.

### Innlán



**Heildarlántökur** í lok árs 2007 námu 775 milljörðum króna í samanburði við 1.015 milljarða króna í ársbyrjun. Lækkunin skýrist af uppgreiðslum lána á árinu auk gengisáhrifa, en vöxtur bankans á árinu 2007 hefur verið fjármagnaður með innlánunum.

**Víkjandi lán** námu 111,9 milljörðum króna í lok árs 2007 í samanburði við 90 milljarða króna í byrjun ársins. Í byrjun fjórða ársfjórðungs 2007 gekk bankinn frá víkjandi lántöku að fjárhæð 400 milljónir USD eða sem svarar um það bil 24 milljörðum króna.


### CAD hlutfall 11,7%

**Eigið fé** samstæðunnar í árslok 2007 nam 180 milljörðum króna í samanburði við 144 milljarða króna í ársbyrjun. Í tengslum við yfirtökuna á Bridgewell Group plc gaf bankinn út nýtt hlutfé að nafnverði 172 milljónir króna

á genginu 39,4. Að öðru leiti skýrast breytingar á eigin fé af hagnaði tímabilsins, viðskiptum með eigin bréf og arðgreiðslum.

**Eiginfjárhlutfall** samstæðunnar samkvæmt CAD reglum var 11,7% í lok árs 2007, þar af 10,1% samkvæmt eiginfjárbætti A.

### Eiginfjárhlutfall-CAD



## Afkoma rekstrarstarfsþátta

Afkomu samstæðu Landsbankans er skipt í fjóra rekstrarstarfsþætti:

- Viðskiptabankastarfsemi
- Fyrirtækjaviðskipti
- Verðbréfi viðskipti
- Eignastýring og sérbankaþjónusta

Yfirlit um afkomu og heildareignir eftir starfsþáttum má sjá í eftirfarandi töflum (m.kr..):

### Starfsþáttayfirlit

2007	Viðskiptabankastarfsemi	Fyrirtækjaviðskipti	Verðbréfi viðskipti	Eignastýring og sérbankaþjónusta	Annað	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	18.380	37.446	-6.273	4.519	0	54.052
Hreinar þjónustutekjur	2.984	3.294	28.335	4.776	0	39.389
Aðrar tekjur	-106	-2.315	18.276	117	0	15.972
Hreinar rekstrartekjur	21.218	38.424	40.337	9.412	0	109.392
Rekstrargjöld	10.650	10.086	27.662	6.032	3.086	57.515
Virðisrynnun útlána	2.417	3.766	762	11	0	6.956
<b>Afkoma</b>	<b>8.152</b>	<b>24.573</b>	<b>11.914</b>	<b>3.370</b>	<b>-3.086</b>	<b>44.922</b>
Afkoma hlutdeildarfélagi	-290		923			633
Heildareignir 31.12.2007	523.287	1.333.768	741.701	429.474	29.317	3.057.546

2006	Viðskiptabankastarfsemi	Fyrirtækjaviðskipti	Verðbréfi viðskipti	Eignastýring og sérbankaþjónusta	Annað	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	15.145	22.714	1.280	2.351	0	41.491
Hreinar þjónustutekjur	2.860	2.547	19.294	3.665	0	28.366
Aðrar tekjur	-120	62	17.624	303	0	17.870
Hreinar rekstrartekjur	17.886	25.323	38.198	6.320	0	87.727
Rekstrargjöld	8.752	6.003	19.101	3.239	1.493	38.588
Virðisrynnun útlána	1.200	3.642	1.307	-5	0	6.144
<b>Afkoma</b>	<b>7.934</b>	<b>15.678</b>	<b>17.789</b>	<b>3.086</b>	<b>-1.493</b>	<b>42.995</b>
Afkoma hlutdeildarfélagi	88		1.611			1.699
Heildareignir 31.12.2006	369.908	937.353	565.340	289.422	10.901	2.172.924

Undir **viðskiptabankastarfsemi** fellur útibúanet móðurfélagsins, viðskiptabankahluti Heritable Bank, SP-Fjármögnun og Landsbanki



Guernsey Ltd. Hagnaður starfspáttarins nam 7,9 milljörðum króna fyrir skatta á árinu 2007 í samanburði við 8,1 milljarð króna á fyrra ári. Heildareignir starfspáttarins námu 523 milljörðum króna í árslok 2007.

Undir **fyrirtækjaviðskipti** fellur fyrirtækjasvið móðurfélagsins, þ.m.t. lánastarfsemi bankans í London, Amsterdam, Kanada og Noregi, fyrirtækjaviðskipti Heritable Bank og fyrirtækjaviðskipti Landsbanka Luxembourg S.A. Hagnaður fyrir skatta af fyrirtækjaviðskiptum á árinu 2007 nam 24,6 milljörðum króna í samanburði við 15,7 milljarða króna á fyrra ári. Heildareignir fyrirtækjaviðskipta námu 1.334 milljörðum króna í lok árs 2007.

**Verðbréfaviðskipti** innifelur verðbréfasvið móðurfélagsins, bæði á Íslandi sem og á meginlandi Evrópu og dótturfélögin Landsbanki Securities UK, Landsbanki Kepler SA og Merrion Capital. Undir starfspáttinn fellur verðbréfamiðlun, fyrirtækjaráðgjöf, gjaldeyris- og afleiðumiðlun, skuldastýring, fjárstýring og eigin viðskipti með hlutabréf og skuldabréf. Hagnaður fyrir skatta af verðbréfaviðskiptum á árinu 2007 nam 12,8 milljörðum króna í samanburði við 19,3 milljarða króna á fyrra ári. Heildareignir starfspáttarins námu 742 milljörðum króna í árslok 2007.

**Eignastýring og sérbankaþjónusta** samanstandur af eignastýringarsviði móðurfélagsins, Landsvaka hf. og eignastýringu og sérbankaþjónustu Landsbanka Luxembourg S.A. Hagnaður af eignastýringu og sérbankaþjónustu á árinu 2007 nam 3,4 milljörðum króna fyrir skatta í samanburði við 3,1 milljarð króna á fyrra ári. Heildareignir starfspáttarins námu 429 milljörðum króna í árslok 2007.

## Fjármögnun

Á fjórða ársfjórðungi versnuðu aðstæður á alþjóðlegum skuldabréfamörkuðum verulega, aðallega vegna undirmálslána og skorts á lausafé. Ölli það óróa á mörkuðum og verulegri lækkun á hlutabréfaverði. Þrátt fyrir þessar aðstæður gaf Landsbankinn út víkjandi skuldbréf undir eiginfjárpætti A að fjárhæð 400 milljónir USD undir bandaríska fjármögnunarramma bankans. Umsjón með útgáfunni var í höndum fjárfestingarbankanna Citigroup, Credit Suisse og JP Morgan auk 32 fjárfestaa. Þessi útgáfa var síðari útgáfa ársins í formi opins útboðs en hin fyrri var 500 milljónir evra og var gefin út í maí.

Vöxtur innlána á árinu varð til þess að minni þörf var á að sækja fjármagn á alþjóðlega skuldabréfamarkaði. Alls námu skuldabréfaútgáfur bankans 1.444 milljónum

evra samanborið við 3.878 milljónir árið áður. Flestar útgáfur ársins voru í evrum og bandaríkjadollurum og var meðaltímalengd þessara útgáfa 5,1 ár. Þá jók Landsbankinn enn á fjölbreytni í fjármögnunarleiðum með uppsetningu á fjármögnunarramma í Ástralíu. Eins og þróun á seinni hluta ársins sýndi glögg getur mikill órói á skuldabréfabréfamörkuðum leitt til lausafjárþurrðar um allan heim. Slíkt sýnir glögg mikilvægi þess að dreifa fjármögnun milli markaða, mismunandi útgáfa og landa. Um þessar mundir er Landsbankinn í sterkri stöðu til að mæta áframhaldandi takmörkuðum aðgangi að lánsfé. Lausafjárstaða bankans er góð og nemur laust fé í lok árs 8.973 milljónum evra á meðan langtímalán á gjalddaga á árinu 2008 nema einungis 749 milljónum evra. Bankinn getur því haldið sig frá fjármögnun á skuldabréfamörkuðum lengur en í 12 mánuði án verulegra áhrifa á daglegan rekstur.

Á síðustu mánuðum hefur skuldatryggingaálag á banka hækkað verulega um allan heim. Á árinu tók Landsbankinn eitt 5 ára lán á 26 punktum yfir EURIBOR-vöxtum og gaf út fleiri lán á EURIBOR-vöxtum með vel undir 50 punkta álagi. Þetta sýnir að hækkun skuldatryggingaálags hefur haft óveruleg áhrif á fjármögnunarkostnað bankans. Ekki er búist við að álagið lækki til fyrra horfs í næinni framtíð og því má reikna með að hærri fjármögnunarkostnaður muni leiða til endurverðlagningar útlána þegar fram í sækir.

## Grunnafkoma

### 24% arðsemi eigin fjár fyrir skatta

Grunnafkoma bankans á árinu 2007 nam 34,7 milljörðum króna fyrir skatta borið saman 28,8 milljarða króna já árinu 2006. Arðsemi eigin fjár af grunnafkomu var 24% á árinu. Yfirlit um afkomu og grunnafkomu á árinu 2007 í samanburði við fyrra ár má sjá í eftirfarandi töflu (milljónir króna):

Milljarðar króna	2007	2006
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>45,6</b>	<b>44,7</b>
Bakfærður gengismunur	(16,6)	(19,6)
Leiðréttur vaxtamunur	5,8	3,6
<b>Grunnafkoma fyrir skatta</b>	<b>34,7</b>	<b>28,8</b>
Kostnaðarhlutfall af grunnstarfsemi	58%	53%
Grunnarðsemi eiginfjár fyrir skatta	24%	26%

Mæling grunnafkomu bankans felur í sér að gengismunur hlutabréfa, hvers eðlis sem hann er, sem og gengismunur skuldabréfa og gjaldeyris er bakfærður, en á móti er



vaxtamunur aukinn sem nemur kostnaði samstæðunnar af því að liggja með hlutabréfa- og skuldabréfastöður. Eftir sem áður er það ávallt markmið bankans og hluti af virkri áhættustýringu að vera með ákveðnar stöður í hlutabréfum og skuldabréfum.

Í útreikningum á grunnaftöku hefur bankinn ekki tekið tillit til neikvæðra áhrifa af fjármögnun verðtryggðra eigna umfram verðtryggðar skuldir í samstæðunni. Verðtryggðar eignir umfram verðtryggðar skuldir námu um það bil 135 milljörðum króna að meðaltali á árinu 2007. Bankinn fjármagnar ójafnvægið með óverðtryggðum vöxtum og við það vaxtastig og verðbólgu sem ríkti á árinu 2007 má ætla að bankinn hafi tapað um 2,2 milljörðum króna á verðtryggingarjöfnuði sínum.

Ekki er heldur tekið tillit til þess vaxtaóhagræðis sem felst í jákvæðri (eignir umfram skuldir) gjaldeyrisstöðu bankans. Bankinn var með að meðaltali um 42 milljarða króna í gengisbundnum eignaliðum umfram gengisbundna skuldaliði á árinu 2007. Umframeignirnar eru fjármagnaðar í íslenskum krónum og nemur vaxtaóhagræðið í krónum talið um 3,5 milljörðum.

## Horfur

Þrátt fyrir erfiðar aðstæður og óvissu á alþjóðlegum mörkuðum er staða Landsbankans sterk og er bankinn ágætlega í stakk búinn til að viðhalda markmiðum sínum um arðsemi.

Lausafjárstaða bankans er mjög góð og nam laust fé í lok árs 2007 um 9 milljörðum evra. Langtímaskuldir á gjalddaga á árinu 2008 nema einungis um 9% af lausu fé eða 0,8 milljörðum evra.

Erlend innlánastarfsemi bankans hefur vaxið mikið og treyst fjármögnunar- og lausafjárgrunn samstæðunnar. Bankinn er með ný verkefni í undirbúningi á þessu sviði og er þeim ætlað að styrkja stöðuna enn frekar.

Útlánaáhætta Landsbankans byggir á vel dreifðu eignasafni bæði eftir atvinnugreinum og svæðum. Landsbankinn hefur engar áhættuskuldbindingar í tengslum við ótryggan fasteignalánamarkað í Bandaríkjunum eða aðrar tegundir skuldavafninga (á ensku: ABS, CDOs, CLO, SIVs). Þá er bankinn með hóflega stöðutöku í hlutabréfum og nam staða þeirra 2,1% af heildareignum í árslok 2007.

Tekjustofnar samstæðunnar byggja á breiðum grunni bæði hvað varðar skiptingu tekna eftir starfsþáttum eða út frá landfræðilegu sjónarmiði.

Rekstur og afkoma bankans hefur verið góð, þar sem arðsemi af grunnrekstri hefur verið í

kringum 24-26% fyrir skatta undanfarin misseri.

Eiginfjárstaða bankans er góð og hefur bankinn staðist álagspróf FME vel. Álagsprófin taka meðal annars mið af styrk bankans til að takast á við veruleg áföll í útlánum og markaðsverðbréfum.

Það er mat stjórnenda Landsbankans að hann sé í sterkri stöðu á árinu 2008 til að mæta þeim óvenjulegu aðstæðum sem nú ríkja á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og fylgja áfram stefnumörkun sinni og markmiðum um arðsemi eigin fjár eftir skatta.

Við mat á afkomuhorfum fjármálafyrirtækja þarf þó að hafa í huga að rekstur þeirra er háður ýmsum ytri þáttum, svo sem efnahagsþróun héraðs og erlendis, þróun verðlags og gjaldmiðla, sem og þróun innlendra og erlendra fjármálamarkaða.

## Kynningarfundir fyrir hlutahafa og markaðsaðila

### Reykjavík 28. janúar

Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson bankastjórar Landsbankans mun kynna afkomu bankans fyrir hluthöfum og markaðsaðilum og svara fyrirspurnum. Fundurinn fer fram á Hótel Nordica og hefst kl. 17.00.

### London 29. janúar

Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson, bankastjórar Landsbankans, munu kynna afkomu bankans og svara fyrirspurnum.

Tími: 11:00 (11:00 UK og 12:00 CET)

Staðsetning: Merchant Taylors Hall, 30 Threadneedle Street, London, EC2R 8JB

Hægt verður að fylgjast með útsendingu af fundinum á vef Landsbankans [www.landsbanki.com/ir](http://www.landsbanki.com/ir). Einnig verður hægt að hlusta á fundinn símleiðis með því að hringja





10 mínútum fyrir fund í síma 44 (O) 1452 567 098. Hægt verður að nálgast fundargögn ásamt hljóð- og myndupptöku af kynningunni á vef bankans að fundi loknum.

## Birtingardagatal 2008

Fyrirhugað er að birta árshlutauppgjör og ársreikning bankans fyrir árið 2008 sem hér segir:

- |                                           |                 |
|-------------------------------------------|-----------------|
| 1. ársfjórðugur:                          | 6. maí          |
| 2. ársfjórðugur:                          | 29. júlí        |
| 3. ársfjórðugur:                          | 4. nóvember     |
| 4. ársfjórðugur og<br>ársreikningur 2008: | 3. febrúar 2009 |

Ársreikning Landsbankans fyrir árið 2007 má nálgast á vef bankans [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is).

Uppgjörið er áritað af endurskoðendum.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Landsbankans Sigurjón Þ. Árnason 410 4009 / 898 0177 og Halldór J. Kristjánsson 410 4015 / 820 6399.